

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Erni Ágústssyni um launaþróun starfsmanna ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver hefur verið þróun þeirra launa ríkisstarfsmanna sem kjararáð ákveður í samræmi við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, frá því lögin tóku gildi?
2. Hver hefur launaþróun annarra starfsmanna ríkisins verið á sama tíma, flokkað eftir stéttarfélögum?

Til hægðarauka er spurningunum svarað í einu lagi og eins er flokkun launaþróunar brotin niður eftir bandalögum en ekki einstökum stéttarfélögum þar sem launaþróun þeirra innan hvors bandalags er álíka. Launaþróun þeirra ríkisstarfsmanna sem kjararáð ákveður, Bandalags háskólamanna (BHM) og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og þróun launavísitölu Hagstofu Íslands (LVT) frá júlí 2006 til júlí 2014 má sjá í töflu. Samanburð á launaþróun þessara hópa og launavísitölu á sama tímabili má sjá í línuriti.

### Launaþróun þeirra ríkisstarfsmanna sem falla undir ákvörðunarvald kjararáðs, BHM, BSRB og þróun launavísitölu.

<i>Vísitala</i>				
Júli	Kjararáð – ríkisstarfsmenn skv. l. nr. 47/2006	BHM	BSRB	Launavísitala
2006	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	112,8	108,5	110,1	108,3
2008	118,1	122,5	122,5	118,1
2009	112,0	122,9	120,5	121,2
2010	111,6	121,4	122,6	128,5
2011	115,7	129,2	132,9	138,5
2012	137,6	137,2	139,8	146,8
2013	142,0	143,8	148,5	154,9
2014	144,6	154,8	156,8	164,1

## Launþróun ríkisstarfsmanna.

